



**TEXTÍLLIST**  
**TEXTILE ART**  
**2004**

*NORTHERN FIBRE V*  
ALÞJÓDLEG  
TEXTÍLLISTASÝNING  
Á ÍSLANDI

**TEXTÍLLIST**  
**TEXTILE ART**  
**2004**



**TEXTÍLLIST**  
**TEXTILE ART**  
**2004**

*NORTHERN FIBRE V*  
ALÞJÓÐLEG TEXTÍLLISTASÝNING Á ÍSLANDI  
13. nóvember 2004 - 16. janúar 2005



LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
REYKJAVIK ART MUSEUM

Textillist 2004 / Textile Art 2004

© Textilfélagið / The Society of Textile Artists in Iceland.

Unnið í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur / in co-operation with The Reykjavík Art Museum.

Ritstjórn / Editor: Hildur Bjarnadóttir.

Hönnun / Design: Hlynur Helgason.

Pýðingar / Translations: Helga Soffía Einarsdóttir.

Prófarkalestur / Proof Reading: Hanna Bachmann.

Verk á forsiðu / Cover Art: *Vinstra og hægra heilahvel / Left and Right Brain* eftir / by Hrafnhildur Arnardóttir

Ljósmyndun forsiðuverks / Cover Photography: Michal Jurewicz.

Prentun / Printing: Prentmet.

ISBN 9979-769-21-1

Sýningarnefnd Textilfélagsins skipuðu / Exhibition Committee:

Helga Pálína Brynjólfssdóttir, Hildur Bjarnadóttir, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Kristveig Halldórsdóttir, María Valsdóttir, Stefanía Stefánsdóttir.

Dómnefnd skipuðu / Selection Committee:

Daníel Magnússon, Hafdís Helgadóttir, Hildur Bjarnadóttir.

Textilfélagið vill færa eftirtöldum aðilum þakkir / The Society of Textile Artists in Iceland wants to thank:

Ari Halldórsson, Níels Hafstein og Magnhildur Sigurðardóttir í Safnasafninu, Guðmundur Ármann Pétursson og Dagbjört Guðmundsdóttir á Sólheimum, Gunnar V. Sigurðsson, Scott Laugenour.

Eftirtaldir aðilar styrktu verkefnið:

Menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar, Menntamálaráðuneyti, Myndstef, Boreas Gallery, Brooklyn, New York.

Sýningarnefnd Textilfélagsins vill þakka starfsfólki Listasafns Reykjavíkur fyrir samstarfið.



Menntamálaráðuneyti



Reykjavíkurborg



## Efnisyfirlit / Table of Contents

<b>Inngangur</b> .....	<b>6</b>
Eiríkur Þorláksson forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur	
<b>Introduction</b> .....	<b>7</b>
Eiríkur Þorláksson, Director of the Reykjavík Art Museum	
<b>Textillist 2004: Tildrög og áherslur</b> .....	<b>8</b>
Hildur Bjarnadóttir og Kristveig Halldórsdóttir fyrir hönd sýningarnefndar	
<b>Textile Art 2004</b> .....	<b>11</b>
Hildur Bjarnadóttir and Kristveig Halldórsdóttir on behalf of the exhibition committee	
<b>Hugur að baki handbragði</b> .....	<b>14</b>
Ragna Sigurðardóttir	
<b>Reflection, Thought and Craftsmanship</b> .....	<b>20</b>
Ragna Sigurðardóttir	
<b>Thoughts on the Manifestations of "Textile"</b> .....	<b>27</b>
Eva Hessler	
<b>Hugleiðingar um birtingarmyndir „Textils“</b> .....	<b>30</b>
Eva Hessler	
<b>Myndlistin / The Artwork</b> .....	<b>36</b>
Adam Chodzko <b>36</b> • Andy Yoder <b>38</b> • Anna Lindal <b>40</b> • Anna-Maija Aarras <b>42</b> • Atli Viðar Engilbertsson <b>44</b> • Björk Guðnadóttir <b>46</b> • Elana Herzog <b>48</b> • Erla Þórarinsdóttir, <b>50</b> • Gúslí Halldórsson <b>52</b> • Grethe Wittrock <b>54</b> • Guðrún Marínósdóttir <b>56</b> • Hildur Kristín Jakobsdóttir <b>58</b> • Hlynur Helgason <b>60</b> • Hrafnhildur Arnardóttir <b>62</b> • Ingegjerd Beate Murstam <b>64</b> • Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir <b>66</b> • Ína Salóme <b>68</b> • Jenný Karlsdóttir <b>70</b> • Karin Sander <b>72</b> • Kristín Reynisdóttir <b>74</b> • María Rosa Andreotti <b>76</b> • Nana Petzet <b>78</b> • Rósa Sigrún Jónsdóttir <b>80</b> • Sara Wolf Newlands <b>82</b> • Scott Schould <b>84</b> • Sólveig Aðalsteinsdóttir <b>86</b> • Steingrímur Eyfjörð <b>88</b> • Tilleke Schwarz <b>90</b>	



# Inngangur

Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur

**T**extill er með elstu listmiðlum sem maðurinn hefur nýtt sér til að tjá umhverfi sitt, lífsýn og viðhorf; hið dularfulla og hið sjálfsagða.

Þó að vefnaður hafi í gegnum aldirnar lengstum þjónað mannum í hagnýtum tilgangi – gerð fatnaðar og annarra forgengilegra nytjahluta – hafa mörg merkustu listaverk sögunnar verið sköpuð með þessari tækni, og textill hefur verið einn af virtustu miðlum myndlistarinnar um langa hríð. Þær eru margar ómetanlegar gersemarnar í þessum miðli, sem þjóðlistasöfn og einstaklingar búa að víða um lönd, og hefð textillistarinnar hefur ef til vill verið sú hefð myndlistarinnar, sem best hefur varðveist meðal almennings um allan heim.

Það var eðlilegur þáttur í framþróun listanna á 20. öld, að aðferðum textillistarinnar væri beitt við ný viðfangs-

efni, tilraunir væru gerðar með framandi efni, og að kannaðar væru áður óþekktar vinnuaðferðir. Afleiðingin hefur verið sú, að textill er nú einn ríkulegasti miðill myndlistarinnar, þar sem textílverk skara áður afmörkuð svið málverksins, höggmyndarinnar, grafíklistarinnar og teikningar í frjóum og leitandi höndum skapandi listafólks.

Það er Listasafni Reykjavíkur heiður að starfa með Textílfélaginu að sýningunni Northern Fibre V, sem haldin er í tilefni af 30 ára afmæli félagsins á þessu ári. Sýningin endurspeglar þá fjölbreytni sem nú er að finna í notkun listafólks hér á landi og á alþjóðavettvangi á þessum gjöfula miðli, og mun án efa leggja sitt af mörkum til að sýna gestum að textillistin er lifandi og skapandi listform sem á sér bjarta framtíð á 21. öldinni.

## Introduction

Eiríkur Þorláksson, Director of the Reykjavík Art Museum

**T**extile art is one of the oldest mediums that man has used to express his environment, his vision and attitudes, the mysterious and the obvious.

Even though textiles have through the centuries mostly served mankind in a practical way – making cloth and other perishable items – many of the most important art works in history have been created in this medium, and textile art has been one of the most respected mediums of the visual arts for a very long time. There are many invaluable jewels in this medium kept by national museums and individuals throughout the world, and the tradition of textile art has perhaps been the tradition of visual arts that has been best preserved among the public throughout the world.

It was a natural part of the evolution of the arts in the 20th century that the methods of textile art were applied

to new subjects, experiments were made with exotic materials, and that new working methods were explored. The result has been that textile art is now one of the richest mediums in the visual arts, as textile works of art overlap the previous boundaries of painting, sculpture, graphic art and drawing through the imaginative and searching hands of creative artists.

It is an honour for the Reykjavík Art Museum to work with the Society of Textile Artists in Iceland on the exhibition Northern Fibre V, which is held on the occasion of the 30th anniversary of the Society. The exhibition demonstrates the diversity that can now be found in the use of this generous medium by Icelandic and international artists, and will undoubtedly contribute to showing guests that textile art is a living and creative art form that has a bright future in the 21st century.



## Textillist 2004: Tildrög og áherslur

Hildur Bjarnadóttir og Kristveig Halldórsdóttir, fyrir hönd sýningarnefndar

**S**ýning þessi er unnin fyrir tilstilli Textílfélagsins í tilefni 30 ára afmælis þess. Upp kom sú hugmynd að í stað hefðbundinnar félagssýningar væri áhugavert að skoða textillist út fyrir ramma félagsins, landsins og í raun miðilsins. Undirbúningur sýningarinnar hefur nú staðið á annað ár og hefur mikil vinna verið lögð í að skilgreina tilgang og hlutverk textíls í samtímalistum, sem vonandi skilar sér á áhugaverðan hátt í vali verka á sýninguna.

Textílfélagið var stofnað árið 1974, í því eru 50 meðlimir og sýningar á verkum félagsmanna hafa verið haldnar með reglulegu millibili. Ákveðið var að frumkvæði Kristveigar Halldórsdóttur að halda viðtækari sýningu en félagið hefur áður staðið fyrir og í stað sýningar á verkum félagsmanna var ákveðið að breyta út frá þeirri hefð og leita til annarra landa til að setja saman sýningu í tilefni af 30 ára afmæli Textílfélagsins. Ákveðið var að tengja

sýninguna við norrænar áherslur í textillist, meðal annars með tengingu við norrænu sýningarröðina Northern Fibre. Sýningin ber því undirtitilinn Northern Fibre V. Í þessari sýningu eru engin landamæri félaga, efnis, hugmynda eða listamanna. Allir myndlistarmenn gátu sótt um að taka þátt, gætu þeir með einhverjum hætti tengt verk sín textíl í aðferð, útliti, hugmynd eða efni. Með þessu vildum við skoða hvernig textill birtist í samtímamyndlist í dag.

Öllum myndlistarmönnum var frjálst að sækja um en jafnframt var ákveðið að bjóða 6 erlendum listamönnum, sem unnið hafa listaverk sem áhugaverð eru frá sjónarhorni textillistar, að vera með. Þessir listamenn eru annars þekktir fyrir framlag sitt á öðrum sviðum myndlistar. Samkvæmt stefnu sinni, um að sýna fjölbreytni textílvinnubragða í myndlist í dag, ákvað sýningarnefnd einnig að hafa 3 alþýdulistamenn, sem vinna í textíl,

með á sýningunni. Í því skyni var leitað til Nielsar Hafstein, forstöðumanns Safnasafnsins á Svalbarðsströnd, sem brást vel við beiðni nefndarinnar.

Auglýsing um þátttöku á sýningunni var send út á Netinu á Norðurlöndunum. Áhuginn reyndist afar mikill og auglýsingunni var dreift víðar á Netinu. Umsóknir bárust frá 29 löndum, 283 listamönnum, þar af 46 frá Íslendingum. Dómnefnd fór vandlega í gegnum umsóknirnar með það í huga að setja saman sýningu sem sýndi breiddina í vinnslu á vettvangi textíls í myndlist í dag. Erfitt var að velja og hafna, en áhersla var lögð á fjölbreytta og heilsteypa sýningu þar sem verk gátu spilað saman. Að endingu valdi dómnefndin 19 listamenn úr þessum hópi; 13 Íslendinga og 6 útlendinga.

Þegar orðinu textill er flett upp í orðabók er það þýtt sem klæði, ofið eða þrjónað efni. Í samtímanum hefur orðið öðlast víðari merkingu, það getur átt við tækni, útlit, efni (tilbúin jafnt

sem náttúruleg) og síðast en ekki síst hugmynd. Það er í þessum víðari skilningi sem við horfum á textil í þessari sýningu. Á seinustu árum hefur textill átt vissa endurkomu inn í myndlistarheiminn þar sem myndlistarmenn af hvað toga sem er hafa í sífellt auknum mæli notað textil á einhvern hátt í sinni myndlist. Þetta eru listamenn sem ekki líta á sig sem textillistamenn í þeim skilningi sem lagður hefur verið í orðið. Sumir álíta að einhver ósýnilegur múr hafi fallið og fólk sé fyrir vikið óhrætt við að nota textil í sínum verkum þegar hann þjónar hugmyndum þeirra.

Oft er talað um 30 ára hringrás tísku eða strauma í menningu samtímans. Um 30 ár eru síðan feminisminn og textillistin náði hámarki í myndlistarheiminum, en eftir það fór þessi bylgja hratt þverrandi. Það er því edlilegt, út frá 30 ára reglunni, að nú sé textillinn að ganga í gegnum nýtt skeið endurnýjunar. Einnig getur verið að textill sé

nú orðinn sýnilegri í mótvægi við alla tölvu- og tækninotkunina sem hefur tröllriðið Vesturlöndum á seinustu 10 árum. Nú er eins og fólk hafi þörf til að sækja í eitthvað efniskenndara og hægara.

Síðan 11. september 2001 hefur almennt öryggisleysi ríkt í heiminum. Fólk hefur fyrir vikið sótt meira í það að vera heima við með fjölskyldu sinni. Ein afleiðing 11. september er að fólk er aftur farið að leita meira í hefðbundin gildi, eitthvað sem hefur alvöru verðgildi, verðmæti, tekur tíma, er einstakt og ekki fjöldaframleitt. Einnig voru margir af þeim myndlistarmönnum

sem nota textíl í dag einfaldlega ekki fæddir þegar textillist var í hámarki, þeir leggja allt aðra merkingu í textíl og orðið textillist en fyrri kynslóðir.

Verkin á þessari sýningu eiga það flest sameiginlegt að vera unnin á undanförunum árum og fjalla í sameiningu á fjölbreyttan hátt um textíl og varpa ljósi á nýjar og spennandi hliðar miðilsins. Sum teygja þemað svo langt að margar spurningar vakna: Slitnar þráðurinn? Hvað er textíll? Er það efnið? Er það tæknin? Er það hugmynd? Þetta verður hver og einn að ákveða fyrir sig. Eða skipta slíkar skilgreiningar kannski engu mál?

## Textile Art

Hildur Björnsdóttir

This exhibition at the 30th Anniversary of Textile Art came up to the usual frustration of having a prohibition. Preceding on for a lot of work purpose and temporary art, in an interest

The Society was founded in 1971 and has held regular exhibitions on the initiative of the daughter, the more extensive before and now members, artists from the 30th Anniversary to be linked



## Textile Art 2004

Hildur Bjarnadóttir and Kristveig Halldórsdóttir, on behalf of the exhibition committee

This exhibition is held to celebrate the 30th anniversary of the Society of Textile Artists in Iceland. An idea came up to look at textile art outside of the usual framework of society, country, and in fact - the medium, instead of having a standard Association exhibition. Preparations have now been going on for almost two years and a lot of work has gone into defining the purpose and role of textile in contemporary art, and this will hopefully result in an interesting exhibition.

The Society of Textile Artists was founded in 1974; it counts 50 members and has held exhibitions of their works at regular intervals. This time around, on the initiative of Kristveig Halldórsdóttir, the Association decided to have a more extensive exhibition than before and not restrict itself to works of members, but look further and invite artists from abroad to contribute to the 30th Anniversary Exhibition. It was to be linked to Nordic trends in textile

art, for instance by connecting it to the Nordic exhibition series Northern Fibre. This exhibition's subtitle is therefore Northern Fibre V.

The main goal is to show Icelanders the diversity in international textile art, independent of the artists' background, use of materials, implementation or ideology. Applications for partaking in the exhibition rested on one condition only: that the artists connected their works to textile. Of the selected applicants six are international artists, who have all produced works that are interesting from a textile art point of view but are otherwise better known for their contribution in other fields of art. In coherence with the decision to display the diversity in contemporary textile art, three folk artists who work with textile were asked to participate in the exhibition. The Association therefore sought assistance from Niels Hafstein, curator of the Safnasafn in Svalbardastrond, who was glad to lend a helping hand.

The advert for participation in the event was posted on the Internet in the Nordic Countries. There was considerable enthusiasm for the exhibition so the advert was distributed internationally on the Internet. The exhibition committee received applications from 29 countries, 283 artists, of whom 46 are Icelandic. A selection committee was formed to review the applications and to select artists for the exhibition. The latter proved to be a difficult task, but the main aim was to put together a diverse and comprehensive exhibition where the individual works interacted. The selection committee finally chose 19 artists from the applications; 13 Icelanders and 6 foreigners.

When the word textile is looked up in a dictionary it is defined as cloth, woven or knitted material. It has a wider meaning today; it can refer to a technique, a look, and last but not least, an idea. It in this broader sense of the word that we focus on textile in

this exhibition. In the past years textile has made a certain come-back into the world of art as artists of all kinds have increasingly been tempted to use textile in some way in their works. These are artists that don't consider themselves textile artists as such. It is therefore as if some invisible wall has been torn down and people are therefore less timid to use textile in their artwork when it serves their purpose.

Modern fashions and trends are often said to go around in thirty-year circuits. About 30 years have now passed since the hey-day of feminism and textile art within the art world, and their popularity then rapidly diminished. It is therefore quite natural, considering the 30 year theory, that textile is now going through another renovation and making a come-back. It is also possible that textile may have become more prominent to counter the use of computers and technology, which has dominated Western culture in the past years. It

seems like people now find the need for something of more substance and less haste.

The return of textile is perhaps not only a sort of counter balance to the technology and speed of the modern age, but also a quest for permanent values. The general insecurities spawned by the disasters of September the 11th in 2001 have lead to revaluation in all areas. This is not only evident in the quest for more permanent principles, but also in the search for more permanent and true material values; things that take time to create and that are unique, as opposed to the mass produced goods that are churned out at a great pace. Yet another explanation for the return of textile may be that many

of the artists that use textile today simply weren't old enough when textile was at its most popular, and they have a completely different take on textile and the meaning of the word textile art than the older generation of artists.

Most of the works on display here were created over the past few years and together they cover the issue of textile in a multifaceted way, and show new and exciting aspects of it. Some of the works test and expand the theme so that several questions arise: Does the thread break? What is textile? Is it the material? Is it the technique? Is it an idea? This is something that each person has to decide for him/herself. Or perhaps such definitions don't matter after all?



# Hugur að baki handbragði

Ragna Sigurðardóttir

**S**amsýning á vegum Textílfélagsins hlýtur alltaf að vera að minnsta kosti tvíþætt. Annars vegar byggist félagið á áhuga og vinnu félagsmanna með textíl í þeirri víðu merkingu sem orðið hefur í nútímanum, hins vegar eru félagar þess einnig listamenn sem lifa og hrærast í iðu dagsins í dag. Í samhengi við list samtímans hlýtur Textílfélagið stöðugt að þurfa að endurskilgreina tilvist sína og takmark. Sýning sem þessi er ákjósanlegur vettvangur til þess og spennandi fyrir margra hluta sakir. Hér má sjá hvernig listamenn frá ólíkum löndum flétta saman hefð, handverk og nútímalega hugsun og hvernig ólíkur bakgrunnur birtist á mismunandi hátt í verkum þeirra. Þetta er margbrotin samsýning sem gefur áhorfandanum meðal annars tækifæri til að velta því fyrir sér hver viðfangsefni þessara listamanna eru, hvort þau séu frábrugðin viðfangsefnum til dæmis málara eða myndbandsgerðarfólks, hvort að textíllinn marki

þeim afmarkaðan bás innan samtímalista eða sé spennandi tól, eitt af verkfærunum í verkfærakistu listamanna í dag. Heimsókn á sýninguna má líkja við ferðalag, ferð á forvitnilegan stað þar sem áhorfandinn verður fyrir ólíkum skynrænum áhrifum, sjónrænum, tilfinningalegum og vitsmunalegum. Eins og alltaf er það að lokum áhorfandans að lesa úr öllu því sem hér er að sjá, hans að horfa lengra en á yfirborð og efnistösk, hafa hugfast að hugur býr að baki handbragði. Þannig er sameiningarþáttur listaverkanna, textíllinn, aðeins ein hlið á sýningunni, eftir stendur að hér koma saman litrík blæbrigði alþjóðlegrar samtímalistar, listaverk sem byggja á gömlum meið en gætu aðeins hafa orðið til í samtímanum.

## Orðið heimilisiðnaður öðlast nýja merkingu

Þegar litið er yfir þessa fjölbreyttu sýningu er freistandi að leitast við að finna fótum sínum forráð með því að greina sameiginleg þemu. Hér eru

möguleikarnir margir en þó má sjá nokkrar tilhneigingar. Það kemur ekki á óvart að mikill meirihluti sýnenda á þessari sýningu eru konur, enda er hefðbundin textílvinna í dag enn að mestu í þeirra höndum. Þrátt fyrir alla kvenréttindabaráttuna og hávær orð um jafnrétti eru eilífðarverkin innan heimilisins oft enn í höndum kvenna, jafnt hér á landi sem annars staðar. Það er því ekki að undra að heimilið og ýmislegt sem því tengist birtist á þessari sýningu, en það gerir það á margvíslegan og oft mjög óvæntan hátt. Og eitthvað hefur okkur kannski miðað í jafnréttisbaráttunni því sum þessara verka eru eftir karla, líkt og ótrúlegir tuskumottuskúlptúrar Andy Yoder, en hann túlkar fæðingu barns númer tvö í fjölskyldunni á eftirminnilegan hátt í verkinu Number Two Whopper, skúlptúr sem sýnir á kómískan og um leið næstum ofbeldisfullan hátt kraftinn og breytinguna sem fylgja nýju barni á heimilinu, sannarlega er ekkert eins

og áður. Umönnun barna, tíminn og forgengileikinn eru yrkisefni viðkvæmrar innsetningar Sólveigar Aðalsteinsdóttur þar sem hið hversdagslega öðlast eilíft líf, erill dagsins birtist í eggjaskurninni sem minnir á hátíðarkökur afmælisdaganna, jafnt sem eggjakökur mánudaganna, en hárkúlurnar sýna þrótt lífsins og minna um leið á hverfulleika þess. Rósa Sigrún Jónsdóttir veltir fyrir sér eðli dagsverka þegar hún heklar garn og spinnur álpappír í átta tíma lotum, hún tengir saman fortíð og framtíð á einfaldan hátt sem snertir marga fleti. Hvað er gott dagsverk og hvernig eru dagsverk metin í dag? Og að kvöldi þegar farið er yfir daginn í huganum, erum við þá ánægð með dagsverk okkar? Handtökin sem liggja að baki sýningargripum Nönu Petzet eru einnig mörg og með því að sýna þá líkt og um dýrmætar fornleifar sé að ræða veltir hún upp mikilvægum spurningum um gildismat samtímans. Samtíminn og einkalífið renna saman

í margslungnum listaverkum Elana Herzog. Rúmteppi, nokkuð sem tilheyrir friði og öryggi heimilisins eru endur-  
unnið á hátt sem gefur því og umhverf-  
inu nýja merkingu. Teppið er rifið af  
veggnum og heft á hann aftur, heftin  
rifin af veggnum og fest aftur á þannig  
að nýtt mynstur skapast á næstum  
ofbeldisfullan hátt. Verksummerki  
verða til sem minna á forgengileika  
tímans og kannski einnig á þá ógn sem  
heimilinu stafar af ófriði í heiminum  
í dag. Um leið vinnur listakonan með  
liti og form sem tengja verk hennar við  
sögu málaralistarinnar og staðsetning  
verka hennar í rýminu er í samræmi við  
strauma og stefnur í listum undanfar-  
inna áratuga. Innsetningar Önnu Lindal  
fanga ávallt athygli áhorfenda en í list  
sinni nær hún að flétta saman ólíkum  
þáttum svo að úr verður kunnugleg  
en um leið framandi heild, sem jafnan  
birtir heimilið í nýju ljósi. Nú gerir Anna  
sig heimakomna á Kjarvalsstöðum,  
stoppar í göt og þræðir sig gegnum

sýningarrýmið, rýmið sjálft verður  
hluti af verki hennar. En hvað gerist  
þegar heimilisstörfín eru látin lönd  
og leið og rykið safnast fyrir? Marcel  
Duchamp var ef til vill fyrstur til að nota  
ryk á skapandi hátt í listaverki en list  
Karin Sander verður til nærri öld síðar  
og á öðrum forsendum. Verk hennar  
snúast gjarnan um að gera hið ósýni-  
lega sýnilegt, draga fram smáatriðin í  
umhverfi okkar og birta þau í nýju ljósi,  
nú hefur hún látið ómálaðan strig-  
ann rykfalla og svo úr verður mynd.  
Heimilið og innanstokksmunir þess  
birtast einnig á óvæntan hátt í verkum  
Sarah Wolf Newland þegar hún tekur  
flókateppi og rúllar þeim upp, bindur  
utan um þau svo þau umbreytast í  
skúlptúr, orma eða barnaleikföng? Og  
hvað með stóra loðna gæruboltann  
hennar Kristínar Reynisdóttur, einnig  
hann er skúlptúr, leikfang, umbreyting á  
hversdagslegum hlut í eitthvað kunnug-  
legt en framandi um leið. Hvað getur  
svo verið heimilislegra en litlir dúskar?



Dúskar sem við venjulega tengjum við barnahúfur eða annað skraut eru nú notaðir til að skapa mynd af landslagi svo að heimili og ytra umhverfi renna saman á óvenjulegan hátt í dúskaverki Jennýjar Karlsdóttur.

### Einstaklingurinn í samfélaginu

Það er líkast ferðalagi að skoða einstæðar útsaumsmyndir Tilleke Schwarz, enda hafa margar þeirra orðið til á ferðum hennar um ýmis lönd. Á einkar læsilegan og aðgengilegan hátt tekst Tilleke að blanda saman gamalli útsaumshefð, graffiti, myndum og setningum úr einkalífínu og fundnum fyrirbærum í samfélaginu. Með glöggu eyra fyrir orðanotkun og skörpu auga á það sem fram fer umhverfis hana skapar hún eftirminnileg verk, nútímaleg, en í beinu sambandi við fortíðina. Einstaklingurinn, einkalífið og minni samfélagsins birtist einnig í ljósmyndum Ingegjerd Beate Murstam þar sem samtíðarfólk er ljósmynd-

að á svipaðan hátt og fyrr á tímum, svarthvítar, uppstilltar myndir frysta augnablik í lífi fjölskyldna. Varðveisla, einstaklingurinn og hinn kaldri raunveruleiki birtast á sláandi hátt í verkum Maria Rosa Andreotti þar sem líkaminn, tíminn og minnið eru meginþemun en um leið vekja verk hennar upp hugrenningar um grimmd og eyðileggingu stríðsátaka og hörmunga. Líkaminn og birtingarmyndir hans í samfélaginu er meginþema Erlu Þórarinsdóttur í ljósmyndum á satín. Ytra byrði, hégóminn og skrautið er síðan meðal viðfangsefna verka Hrafnhildar Arnardóttur en hárskúlptúrar hennar hafa vakið athygli heima og heiman. Efniviðurinn, mannshárið er bæði fallett og „gróteskt“, í því sameinast hégómagirnd og vangaveltur um hlutverk hárs í samfélaginu fyrr og nú. Enn í dag safna litlar stúlkur síðu hári og hárprýði þykir bera vott um hreysti og þokka. Umgjörð líkamans er þema verka Bjarkar Guðnadóttur í skúlp-

túrum hennar þar sem stytur gefa hekludum höttum dularfull form, líkt og leyndar hugsanir sem spretta upp úr höfðinu. Minnið og kvenímyndin er þema innsetningar Steingríms Eyfjörð, en Adam Chodsko sem einnig notar fatasaum sem ákveðinn útgangspunktur við gerð innsetningar sinnar fer aðra leið og sýnir fáfengileika og tisku á mannlegan og kómískan hátt. Scott Schuldt vinnur einnig með fylgihluti ef svo má segja, en á gjörólíkan hátt, með einstakri þrautseigju bætir hann persónulegri mynd við nútímalegan hlut, bakpoka, svo úr verður gangandi listaverk sem á rætur sínar í gamalli hefð. Skór næfa listamannsins Atla Viðar Engilbertssonar voru í upphafi hugsaðir til daglegs brúks en reyndust sóma sér betur sem listaverk, skúlptúrar í tengslum við daglegt líf.

### **Náttúran og hið óhlutbundna**

Form og litir eru viðfangsefni Ínu Salóme Hallgrímsdóttur og Ingibjargar

Styrgerðar sem báðar vinna óhlutbundið en þó, líkt og svo margir íslenskir listamenn, í sterkum tengslum við birtu og liti náttúrunnar. Ína Salóme fangar íslenska birtu þegar hún málar myndir sínar með textillitum á bómull en Ingibjörg Styrgerður vinnur verk sín bókstaflega sjálf frá grunni, ræktar hör, vinnur og litar og skapar að lokum form-og litfagrar myndir. Næfu listamennirnir Hildur Kristín og Gísli Halldórsson sauma myndir sínar út frá litum náttúrunnar en um leið eru form og litir verka þeirra að nokkru leyti óhlutbundin. Grethe Wittrock vinnur verkin sem hún sýnir hér einnig í tengslum við íslenska náttúru, vinnuaðferð hennar fangar birtubrigði og liti á einstæðan hátt. Ekki koma skúlptúrar Anna-Maija Arras síður á óvart með stærð sinni og fegurð, hér vinna saman þrautseigja, þolinmæði og sterk sýn listakonunnar. Loks má einnig líta á listaverk Karin Sander í samhengi við óhlutbundna list, sem sýnir vel hvernig

verk hennar eiga sér tilverurétt á ólíkum sviðum.

### Texti-textill, að lesa listaverk

Það má hugsa sér tengsl á milli textílvinnu og textagerðar, kannski sérstaklega vefnaðar og texta þar sem ofin er lína eftir línu, skrifað orð eftir orð og þegar öll smáatriðin koma saman myndast þéttfíð verk þar sem litir eða orð tengja áhorfandann eða lesandann við verkið. Á annan hátt er stundum talað um að lesa listaverk og þegar maður

horfir á listaverk og veltir fyrir sér útliti þess, efnistöfum og viðfangsefni má vissulega segja að um eins konar lestur sé að ræða. Hrosshársverk Guðrúnar Marínósdóttur minnir mig fyrst og fremst á texta þar sem innihaldið felst í lit og efni, en Hlynur Helgason styðst beinlínis við skrifaðan texta í verki sínu, texta úr skáldsögunni *Norwegian Wood* eftir Haruki Murakami, hér les áhorfandinn sig bókstaflega í gegnum listaverkið.



# Reflection, Thought and Craftsmanship

Ragna Sigurðardóttir

A group exhibition held by the Society of Textile Artists in Iceland must always be at least double-barrelled. On one hand the Society is grounded on its members' enthusiasm and work with textile in the broad, modern sense; on the other hand the members are also artists that have to thrive and survive in the everyday modern world. In the contexts of contemporary art the Textile Association must constantly redefine its existence and goals. An exhibition such as this one is a perfect venue to do so, and an exciting one for several reasons. Here, we can observe how artists from different countries weave tradition, hand-craft, and modern thinking, and how different backgrounds manifest themselves in different ways in their works. This is an elaborate group exhibition that, among other things, offers the viewer a chance to contemplate the artists' subject matter, and whether it is different to the ones of painters, for

instance, or video artists, a chance to contemplate whether textile art has its own niche in the contemporary arts or whether textile is just an interesting tool, one of many tools in the toolbox of the contemporary artist. A visit to the exhibition can be compared to a journey, a trip to an intriguing place where the viewer experiences different influences on the senses, visually, emotionally, and intellectually. As always, it is ultimately up to the viewer to read into all that is to see here, to see beyond the surface and the treatment, to keep in mind that there is reflection and thought behind the craftsmanship. The unifying factor of the artworks – the textile – is therefore only one side of the exhibition, what remains is that the colourful nuances of international contemporary art are assembled here in works that are founded on traditional ground but could nevertheless only have been created in the modern times.

### The Word Handcraft Acquires New Meaning

It is tempting to seek common themes in the exhibition to find some foothold to obtain a comprehensive overview. The possibilities are numerous but yet there are some obvious tendencies. It should not come as a surprise that a great majority of artist in the exhibition are women as traditional textile work is still a predominantly feminine field. Despite the Women's Movement and intense discussions of equality, the eternal domestic tasks seem still to be in the hands of women, in this country as elsewhere. It is therefore no surprise that the home and things related to the home are prominent in this exhibition, in various and often quite unexpected ways. And maybe we have taken a step or two forward in the quest for equality because some of these works are by men, such as the incredible rug-rag-sculptures by Andy Yoder. In his work Number Two Whopper he expresses the birth of the second child in the

family in an unforgettable manner. The sculpture illustrates the energy and change that comes with a new child in the home in a comic and almost a violent fashion. Childcare, time and vicissitude are the topics of Sólveig Aðalsteinsdóttir's delicate installation, where the everyday life acquires eternal life, the hustle and bustle of the days is manifested in the eggshell which reminds us of festive birthday cakes as much as the Monday omelettes, but the hair-bands depict the energy of life, and at the same time, its fleetingness.

Rósa Sigrún Jónsdóttir reflects on the nature of housework as she crochets yarn and spins aluminium foil in eight hour shifts, she intertwines the past and the future in a simple way which touches various different areas. What is a good day's work and how is it evaluated today? And at the day's end, when we look back over our day, are we pleased with our work? There

are many hours of work behind the art works of Nana Petzet, and by exhibiting them as precious archaeological artefacts she poses important questions on the evaluation of the contemporary day. The contemporary age and private life merge in the intricate works of Elana Herzog. A bedspread, something related to the peace and safety of the home, is recycled so that it, and the environment, acquires new meaning. The bedspread is torn off the wall and then stapled back up again, the staples are torn off the wall and jammed back in so that a new pattern emerges, almost in a violent manner. The remains and traces remind us of the fleetingness of time and maybe also of the dangers that threaten the home in a turbulent world. At the same time the artist works with colours and forms that connect her works to the history of painting and the positioning of the works within the space is consistent with the trends and influxes of

art in the past decades. Anna Lindal's installations never fail to capture the attention of the viewers, but in her art work she manages to combine different aspects so that the end result is both a familiar and yet an exotic ensemble, which depicts the home in a new light. Anna has now made herself at home in Kjarvalsstaðir, stuffing holes and weaving through the exhibition space, the space itself becomes a part of her work. But what happens when the domestic chores are ignored and the dust accumulates? Marcel Duchamp was perhaps the first to use dust in a creative way in an art work but the art of Karin Sander was created almost a century later and based on different grounds. Her works tend to revolve around making the invisible visible, drawing out the details in our environment, and depicting them in a different light. She has now let an unpainted canvas collect dust and dirt, and thus achieving a sort of painting. The home and



domestic things are also depicted in an unexpected way in the works of Sarah Wolf Newland. She takes throw-rugs, rolls them and then ties them up to create sculptures, worms or children's toys? And what of Kristín Reynisdóttir's big, furry lambskin ball? It is also a sculpture, toy, a metamorphosis of a commonplace object into something familiar and exotic at the same time. Is there anything more domestic than tiny pompoms? Pompoms which we usually associate with children's hats or other accessories, are now used to create a landscape so that the home and the environment outdoors merge in an unusual way in Jenny Karlsdóttir's work.

### **The Individual in Society**

To study the unique embroidered pictures by Tilleke Schwarz is almost like embarking on a journey, and in fact many of them were created on her numerous trips to different countries. She manages to bring together,

in an extremely accessible and clear way, traditional embroidery, graffiti, pictures and sentences from private life, and things from the society. With a keen ear for words and a sharp eye for what goes on around her, Schwarz has created memorable works, modern and yet in touch with the past. The individual, private life, and motifs of society are also depicted in the photographs of Ingegjerd Beate Murstam, where her contemporaries have been photographed in the old photographic tradition of the past, black and white, posed photographs freeze a moment in the life of a family. The preservation, the individual, and stone-cold reality are painfully prominent in the works of Maria Rosa Andreotti, where the body, time, and memory play key-roles, but simultaneously her works invoke reflections on cruelty, and the destruction caused by war and devastation. The body and its' manifestations in society is the main theme for Erla

Pórarinsdóttir's photographs on satin. Appearances, vanity and décor, is the main focus in the works of Hrafnhildur Arnardóttir, and her hair-sculptures have received attention both in Iceland and abroad. The subject-matter, human hair, is both beautiful and grotesque, it combines vanity and reflections of the role of hair in society, both in modern times and the past. Little girls still grow their hair long and a head full of hair is still a sign of health and beauty. The body's surroundings is the theme of Björk Guðnadóttir's sculptures. Her statues give the crochet hats mysterious forms, as though secret thoughts are sprouting from the head. Memory and the feminine image is the theme for Steingrímur Eyfjörð's installation, but Adam Chodzko, who also uses tailoring as a certain starting point in his installations, chooses to go in a different direction and shows vanity and fashion in a humane and comic way. Scott Scould also works with acces-

sories so to speak, but in a completely different way. With unequalled determination he adds a personal picture to a modern thing, a rucksack, to create a walking work of art which is rooted in an old tradition. The shoes of the naïve artist, Atli Viðar Engilbertsson, were originally meant for everyday wear but make formidable works of art, sculptures which relate to day to day life.

#### **Nature and the Abstract**

Form and colour are the focus of the works by Ína Salóme Hallgrímsdóttir and Ingibjörg Styrgerður who both work with the abstract and yet, like so many Icelandic artists, with a strong bond to the light and colours of nature. Ína Salóme captures the Icelandic light when she paints her pictures with textile-dye on cotton, but Ingibjörg Styrgerður creates her works literally from scratch, from planting the flax, producing and dyeing, and finally creating beautiful pictures with both

regard to form and colour. The naïvists, Hildur Kristín and Gísli Halldórsson, sew their pictures in line with the colours of nature, but at the same time the forms and colours of their works are abstract in a certain way. Grethe Wittrock also creates her works for this exhibition in relation to Icelandic nature; her methods capture the nuances in light and colour in a unique way. Anna-Maija Arras' sculptures are just as surprising in their size and beauty; these are the fruits of perseverance, patience and vision. Finally, Karin Sander's works can also be viewed in the context of abstract art, a testimony of how her works can belong in different fields.

#### **Text – Textile, To Read a Work of Art**

It is possible to imagine a connection between work with textile and text,

especially between weaving and text, where line after line is woven, word after word written, and when all the details come together the result is a fixed body of work where colours or words connect the viewer to the work. In another sense, we sometimes speak of reading a work of art, and when we look at an artwork and contemplate on its appearance, subject matter and methods, it is quite reasonable to suggest that this is a form of reading. Guðrún Marinósdóttir's horsehair works remind me more than anything of a text of colour and material, while Hlynur Helgason directly uses a written text in his work, a text from the novel *Norwegian Wood* by Haruki Murakami – here the viewer literally reads through the artwork.



# Thoughts on the Manifestations of “Textile”

Eva Heisler

Let me begin with a story told by the conceptual artist Hreinn Friðfinnsson in his 1999 work *Night*<sup>1</sup>. The work consists of striped fabric, stretched and hung as if a painting, and a framed text. The text summarizes a comedy skit the artist heard on the radio as a child in the early 1950s. As the story goes, a young painter hears on the radio that he has won first prize in an art competition but he is baffled by the description of his painting as blue and black stripes: the description bears no resemblance to the painting that he submitted. It turns out that the painter’s father-in-law, responsible for delivering the painting to the competition, accidentally damaged it. Since the painting was abstract, the father-in-law assumed that it didn’t really matter what was on the surface and he repaired the painting by covering it with the only material he had at hand—an old nightshirt. Friðfinnsson’s text recounts that he was offended by this ridiculing of abstract art but at the same time fascinated by the description of the prize-winning “paint-

ing”: that a painting could consist of nothing but blue and black stripes was a novel and marvelous idea. I repeat this story because it is such a graphic demonstration of “textile” as the poor step-child, if not “doppelganger”, of painting. The worst insult one can pay a painting is to call it “decorative.” The decorative is pleasing and passive. Painting is active; it is observation or expression; investigation or reflection. On one hand, *Night* complains about a misguided notion of abstract art as decorative. On the other hand, the piece of striped material is both an ideal (for the child in the fifties) and a readymade for the artist at the end of the twentieth-century. Textile (as surface pattern) is the sign of error even as the misrepresentation of painting is motivation for painting.

A comparison of work by Hildur Bjarnadóttir to Friðfinnsson’s *Night* underscores this deep-seated opposition of painting and textile practices. For *Reconstructed Canvas II* (2002-3), Bjarnadóttir unraveled two yards of

---

<sup>1</sup> This work is in the permanent collection of Safn.

